



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Tíðniheimild Símans hf.
til notkunar fyrir farnetsþjónustu á
900 MHz tíðnisviðinu**

13. febrúar 2017

Með vísan til IV. kafla laga, nr. 81/2003, um fjarskipti og ákvæða reglugerðar, nr. 1047/2011, um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum hefur Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) ákveðið að Síminn hf. hafi heimild til notkunar á tíðnum fyrir háhraða farnetsþjónustu eins og það er nánar ákvarðað í eftirfarandi ákvæðum og með þeim skilyrðum sem þar greinir.

1 gr.

Umfang

Símanum hf., kt. 500269-6779, (hér eftir nefnt leyfishafi) fær hér með veitta áframhaldandi heimild til notkunar á tíðnum fyrir farnetsþjónustu á 900 MHz tíðnisviðinu að því marki og með þeim skilyrðum sem fram koma í heimild þessari.

Heimildin tekur til uppsetningar og starfrækslu radíóstöðva, skiptistöðva og annars nauðsynlegs búnaðar í þeim tilgangi að veita farnetsþjónustu.

2. gr.

Útbreiðsla

Útbreiðsla þjónustu skal á gildistíma heimildar þessarar eigi vera lakari en farnetsþjónustan var við útgáfu hennar þann 14. febrúar 2012, samkvæmt þeim gæðum sem fram koma í 6. gr. og sýnt er á dreifikorti í viðauka 1, nema PFS veiti heimild til annars. Leyfishafi skal tilkynna PFS til hvaða svæða farnetsþjónustan þess nær.

3. gr.

Staðlar

Allur kerfisbúnaður farnetsins og þjónustu skal vera í samræmi við GSM/UMTS staðla sem í gildi eru hverju sinni í þeirri mynd sem ETSI birtir þá.

4. gr.

Notendabúnaður

Leyfishafi skal hvorki beint né óbeint gera kröfur til notendabúnaðar sem eru frábrugðnar viðurkenndum stöðlum, sbr. 3. gr.

5. gr.

Höfnun á hringingum

Leyfishafi getur hafnað hringingum til og frá GSM/UMTS 900 netinu frá farsímum sem valda truflunum í því. Einnig getur leyfishafi hafnað hringingum til og frá stolnum farsímum.

6. gr.

Notkun tíðnisviðsins og lágmarks gæðakröfur

Tíðnisviðið skal notuð fyrir þráðlausa farnetsþjónustu. Þjónustan skal vera í samræmi við staðla og skilgreiningar sem fram koma í gögnum frá ETSI, 3GPP og gildandi skilyrði frá CEPT ásamt ESB tilskipun 2009/114/EC, sbr. ESB ákvörðun 2009/766/EC.

Mælingar á útbreiðslu

Við mælingar og mat á útbreiðslu mun PFS beita viðurkenndum aðferðum sem almenn samstaða verður um innan CEPT. Verður einkum stuðst við þær aðferðir sem eru skilgreindar í ECC skýrslu, nr. 103 (Report 103), (UMTS COVERAGE MEASUREMENTS).

Við mælingar á útbreiðslusvæðum skal styðjast við eftirfarandi gildi:

Fyrir GSM

Útbreiðsla í þéttbýli: Móttökustyrkur skal vera jafn eða meiri en -75 dBm í 95% mæligilda.

Útbreiðsla í dreifbýli: Móttökustyrkur skal vera jafn eða meiri en -95 dBm í 95% mæligilda.

Fyrir UMTS

Útbreiðsla í þéttbýli: Móttökustyrkur skal vera jafn eða meiri -85 dBm

Útbreiðsla í dreifbýli: Móttökustyrkur skal vera jafn eða meiri -100 dBm

Mælingar á nýtingu tíðnisviðsins

Í því skyni að koma á laggirnar heildstæðri aðferð til mælingar á umferð í kerfinu áskilur PFS sér rétt til að leggja fram áætlun um hvernig mæla megir á reglubundinn hátt álagið á annatíma á afmörkuðu þjónustusvæði og hvernig nota megir umrætt gildi til að reikna út nýtni úthlutaðs tíðnisviðs.

PFS getur farið fram á að leyfishafi breyti tæknieiginleikum sem tengjast tíðniúthlutun, þ.m.t. staðsetningu loftneta, í því skyni að efla hagkvæmni í tíðninotkun eða til þess að draga úr truflunarvanda. PFS skal í samráði við leyfishafa leitast við að halda kostnaðarþætti vegna slíkra breytinga í lágmarki.

Leyfishafi skal fyrir eigin reikning hlíta fyrirmælum PFS um að bæta úr innri og ytri truflunarvanda sem hlýst af farnetsinu.

Notkun tíðna skal lúta gildandi úrskurðum og tilmælum CEPT.

7. gr.

Neyðarhringingar

Neyðarhringingar skulu afgreiddar án tillits til þess hvort notendakortið (SIM kort) er í farsímanum og án tillits til stöðu áskriftarkortsins. Leyfishafi skal ekki gjaldfæra símtöl úr farsímum í neyðarnúmerið 112.

8. gr.

Úthlutun tíðna

Leyfishafa er úthlutað tíðnum fyrir GSM/UMTS 900 farsímanet sín tíðnisviðinu 945,1-959,9 MHz fyrir móðurstöðvar og 900,1-914,9 MHz fyrir farsíma.

9. gr.

Skylda um upplýsingagjöf vegna gagnagrunns PFS

Í sambandi við veitingu leyfis vegna tækjabúnaðar og úthlutun á tíðnum, sbr. 1. gr. skal leyfishafi í umsóknnum sínum veita allar tæknilegar upplýsingar um tíðni, sendistyrk, loftnet (staðsetningu, hæð og tegund) o.s.frv., sem óskað er eftir.

PFS getur gert kröfur um breytingar á framangreindum stærðum, þar á meðal staðsetningu loftnets, til að mynda í því skyni að girða fyrir vanda vegna truflana.

10. gr. Truflanir

Leyfishafi er ábyrgur vegna radióstöðva í farsímakerfi sínu, sem kunna að valda truflunum og hafa áhrif á rekstur annarra aðila og ber leyfishafi ábyrgð á því tjóni sem þær geta valdið.

PFS getur gert kröfur um breytingar á búnaði í því skyni að koma í veg fyrir vanda vegna truflana. Leyfishafi skal fyrir eigin reikning hlíta fyrir mælum PFS um að bæta úr truflanavanda sem stafar af búnaði þess.

PFS getur látið innsigla fjarskiptavirki, sem valda skaðlegum truflunum eða bannað notkun þeirra, sbr. 64. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003. Leyfishafi skal bera ábyrgð gagnvart notendum sínum að því er varða truflanir innan farsímakerfis.

11. gr. Skilyrði vegna útgeislunar og umhverfis

Leyfishafi skal sjá til þess að rafsegulgeislun frá búnaði á vegum hans séu innan þeirra marka sem tilgreind eru í leiðbeiningum gefnum út af ICNIRP, um rafsegulgeislun eða í samræmum við viðmið sem eru í íslenskum reglum eða lögum.

Leyfishafi skal sjá til þess að búnaður á vegum hans sé ekki settur upp eða rekinn á stað með þeim hætti sem veldur því að samanlögð rafsegulgeislun á þeim stað fari yfir þau mörk sem tilgreind eru með leiðbeiningum ICNIRP og eða eru sett í íslenskum reglum og lögum. Uppsetning og frágangur búnaðar leyfishafa skal vera í samræmi við tilmæli alþjóðafjarskiptasambandsins ITU-K.52.

Ef í ljós kemur að rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum er yfir viðmiðunarmörkum sem tilgreind eru í tilmælum ICNIRP, reglum eða viðeigandi íslenskum stöðlum skal leyfishafi bæta úr því án tafar eða að öðrum kosti hætta notkun viðkomandi fjarskiptavirkis.

Ef samanlögð rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum sem staðsett eru nálægt hvort öðru fer yfir viðmiðunarmörk, án þess að nokkur einstakur búnaður fari yfir mörkin, skal sá leyfishafi sem síðast setti upp búnað bæta úr ástandinu með því að tryggja að almenningur hafi ekki aðgang að svæðinu eða hætta notkun hans.

12. gr. Framsalsbann

Heimildin er ekki framseljanleg hvorki að hluta né í heild.

13. gr. Breyting á ákvæðum heimildarinnar

PFS skal heimilt að breyta ákvæðum í heimild þessari til samræmis við breytingar á lögum og reglum og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til slíks. Nýtt gjald skal ekki tekið við slíka breytingu. Leiði breytingar á gildistíma heimildarinnar til skerðinga á réttindum leyfishafa samkvæmt heimild þessari öðlast það ekki rétt til skaðabóta vegna slíkra skerðinga.

14. gr. Afturköllun

PFS getur afturkallað heimild þessa ef leyfishafi stendur ekki í skilum með greiðslur vegna rekstrargjalda eða annarra gjalda, er veitt heimild til greiðslustöðvunar eða verður úrskurðaður gjaldþrota. Sama gildir ef leyfishafi stendur ekki við skilyrði um útbreiðslu samkvæmt 2. gr.

Að öðru leyti skulu gilda ákvæði 73. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, um afturköllun og málsmeðferð vegna hennar.

15. gr.

Gildistími og breytingasaga

Heimild þessi fyrir tíðnisviðin 904,9-914,9/949,9-959,9 MHz og fyrir tíðnisviðin 900,1-904,9/945,1-949,9 MHz gildir til og með 13. febrúar 2022.

Breyting 15. ágúst 2016

- a) Tíðniheimildin gerð tæknilega hlutlaus sem tekur gildi frá og með 14. febrúar 2017

Breyting 13. febrúar 2017

- a) Gildistími fyrir 900,1-904,9/945,1-949,9 MHz er framlengdur til 13. febrúar 2022.
- b) Tíðniheimildin er endurúttekin þann 13. febrúar 2017 með þeim fyrirvara að Alþingi kunnir að leggja á gjald fyrir afnot af 900,1-904,9/945,1-949,9 MHz til fimm ára eða til 13. febrúar 2022. Þetta er í samræmi við frumvarp til laga sem kynnt var á heimasíðu innanríkisráðuneytisins þann 8. febrúar 2017.

Fyrri tíðniheimild frá 15. ágúst 2016 fellur úr gildi.

Póst- og fjarskiptastofnun, 13. febrúar 2017

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri

Björn Geirsson